VÍSBENDING
VIKURIT UM VIÐSKIPTI, EFNAHAGSMÁL OG NÝSKÖPUN
26. september 2025
31. tbl. • 43. árg.
→ visbending.is


Mynd: AFP

# Falskt öryggi

## - vegna skorts á innleiðingu og þekkingar um staðla hérlendis



**Helga Sigrún Harðardóttir**
lögfræðingur og framkvæmdastjóri Staðlaráðs

Dagurinn 1. janúar 1994 markaði merkileg tímamót fyrir allt venjulegt fólk á Íslandi því þá voru ákvæði EES samningsins um evrópska efnahagssvæðið lögfest. Með því fékk Ísland aðgang að sameiginlegum innri markaði Evrópusambandsins án hindrana, að því gefnu að Ísland innleiddi regluverk sem gerði sömu kröfur og önnur Evrópuríki gera. Þær kröfur má m.a. finna í *ákvörðun* Evrópuþingsins og -ráðsins (nú nr. 768/2008/EB sem tók við af ákvörðun nr. 93/465/EBE) um sameiginlegan *ramma* um markaðssetningu á vörum (hér eftir „rammi“) sem í reynd nær utan um neytendavernd, öryggi alls kyns vara og þjónustu og opinbera markaðsgæslu en líka hindrunarlaust aðgengi fyrir íslenskar vörur á innri markaðnum. Það er auðvitað afar eftirsóknarverð staða fyrir pínulitla þjóð að vera hluti af svo skilvirku kerfi og stórum markaði, næstum eins og hendi sé veifað. En hvernig virkar kerfið í reynd og er það virkt?


### Tvöfaldur ávinningur

Í fyrsta lagi ber að nefna að markaðsaðgengi vara og þjónustu byggir á því að á sameiginlega innri markaðnum sé til staðar samræmi sem öll ríki tryggja. Öll ríki innleiða sömu kröfur og tryggja samræmi þannig að framleiðsluaðferðir og aðferðir við prófun á öryggi er þekkt stærð á markaðnum. Þegar búið er að setja vöruna á markað í einu Evrópulandi er hún komin í frjálst flæði innan hins evrópska markaðar og annað ríki má ekki gera viðbótarkröfur um prófanir eða skoðanir.

Hluti af þessu samhæfða kerfi er kallað *„Nýja aðferðin“* en hún þykir skilvirk, gerir tækninýsköpun mögulega og bætir samkeppnishæfni iðnaðar í Evrópu. Hluti *nýju aðferðarinnar* er notkun CE merkisins og þar koma samhæfðir staðlar til sögunnar. Séu vörur framleiddar skv. samhæfðum stöðlum sem skrifaðir hafa verið sérstaklega að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til að útfæra kröfur löggjafarinnar, teljast vörurnar öruggar og framleiðandi má CE merkja þær og markaðsetja. Þetta er í ákvörðuninni kallað „ætlað samræmi“. Samræmismatsaðferðir eru nokkrar og ráðast af áhættu og öryggisstigi sem nauðsynlegt er. Eftir atvikum þarfnast það aðkomu faggilts vottunar-, skoðunar- eða prófunaraðila, sem jafnframt er formlegur hluti þessa sameiginlega ramma um markaðssetningu á vörum. Oft er það þó framleiðandinn sjálfur sem framkvæmir samræmismatið. Með CE merkingu ábyrgjast framleiðendur að vörurnar uppfylli lágmarkskröfur um heilbrigði, öryggi, eiginleika og umhverfisvernd og neytendur eiga að geta treyst því að CE merkt vara hafi verið framleidd eftir ströngum kröfum sem sérfræðingar hafa sett fram í stöðlum. Þess vegna eiga t.d. CE merkt lækningatæki sem framleidd eru á Íslandi greiða leið á sameiginlega innri markaðinn í Evrópu og við getum treyst því að raftæki sem seld eru á Íslandi séu örugg.

## Sala, markaðssetning og markaðsaðgangur

*(í prósentum). N=323*




Heimild: Staðlaráð

Langflestir framleiðendur vara í næstum 40 vöruflokkum sem til stendur að markaðssetja í Evrópu, nota samhæfða staðla til að tryggja öryggi vara. Þeir sem ekki nota staðla mega nota aðrar aðferðir en bera þá sönnunarbyrði fyrir því að varan uppfylli kröfur laganna, sem getur reynst mun þyngri en ef vara er framleidd skv. stöðlum.

### Galopinn aðgangur að Evrópu

Evrópa er áfangastaður um 80% útflutningsvara Íslendinga skv. samantekt Hagstofunnar:

*1. Rúmlega 40% útflutnings er fiskur og fiskafurðir, bæði úr sjó og eldi. Markaðir með fisk lúta m.a. reglum matvælalöggjafarinnar sem við höfum innleitt vegna aðildar að innri markaði Evrópu. Löggjöfin gerir miklar kröfur til framleiðenda matvæla um rekjanleika, gæði og sjálfbærni svo dæmi séu nefnd. Allt eru það atriði sem tryggð eru með notkun staðla og vottunum.*

*2. Um þriðjungur útflutnings er ál og kísiljárn en þeir markaðir krefjast vottunar skv. efnisstöðlum til að tryggja eðlis- og efnafræðilega eiginleika áls í bílaframleiðslu, byggingar, umbúðir og rafeindatækni svo dæmi séu nefnd. Þá notar áliðnaður stjórnunarkerfi sem byggja á alþjóðlegum ISO stöðlum um gæðastjórn, umhverfisstjórn, orkunýtni, heilsu- og vinnuvernd starfsmanna o.fl. Í áliðnaði eru starfandi faggiltir vottunaraðilar sem taka út árangur álvera á ýmsum sviðum. Þeir nota m.a. ISO/IEC 17021 og 17065 til að tryggja samræmi við kröfur til vottunaraðila og þar með gæði vottana.*

*3. Lækningatæki eru óðum að auka hlut sinn í útflutningi Íslendinga og áttu þau 6,6% hlutdeild árið 2024. Markaðsaðgengi lækningatækja er háð gríðarmikilli notkun samhæfðra staðla en vísað er til tæplega 300 staðla í evrópska regluverkinu þar að lútandi sem innleitt hefur verið hér. Ótaldir eru svo smærri flokkar útflutningsvara eins og lyfja, efnaiðnaðar og ýmissa annarra vara sem tilheyra tilskipunum og reglugerðum þar sem samhæfðir staðlar eru notaðir til að útfæra tæknilegar kröfur löggjafarinnar.*

Það er mjög mikilvægt og verður að teljast orðið tímabært að íslensk stjórnvöld birti opinberlega a.m.k. þær grundvallar upplýsingar þess hluta löggjafarinnar

> **Leiða má líkur að því að umgjörð þeirrar verndar sem almenningur á að njóta vegna skaðlegra og hættulegra vara sé í besta falli meingölluð.**


hérlendis sem felst í samhæfðum stöðlum, sem Evrópudómstóllinn dæmdi árið 2024 að ætti að verða öllum aðgengilegur, þar sem um eiginlega löggjöf væri að ræða. Hér á landi hafa stjórnvöld ekki enn uppfyllt það hlutverk sitt að veita upplýsingar um þessa staðla – þó lagaskylda sé fyrir hendi um það. Staðlaráð Íslands hefur hins vegar tryggt sama aðgengi að stöðlunum hér og veitt er um alla Evrópu.

### Neytendaverndin var skilin eftir hérlendis

Ramminn fyrir markaðssetningu vara á hinum sameiginlega innri markaði Evrópu hefur líka það hlutverk að tryggja öryggi almennings, neytenda- og umhverfisvernd. Hann á að vera trygging fyrir því að einhver beri á endanum ábyrgð ef eitthvað fer úrskeiðis. Neytendur eiga þannig að geta treyst því að vörur sem markaðssettar eru á Íslandi séu ekki hættulegar og nothæfi þeirra sé í samræmi við yfirlýsingar framleiðanda þar um. Regluverk evrópska markaðarins gerir ráð fyrir virku markaðseftirliti sem m.a. getur leitt til innköllunar á vörum sem reynast ekki uppfylla kröfur um öryggi. ESB hyggst jafnframt hengja tugi samhæfðra staðla við evrópsku gervigreindarlöggjöfina sem væntanlega verður innleidd á Íslandi innan tíðar. Tilgangur þeirra verður að útfæra tæknilegar kröfur löggjafarinnar til að tryggja öryggi okkar, heilsu- og neytendavernd.

Á árinu 2008 var eldri ákvörðun um hinn sameiginlega ramma um markaðssetningu á vörum, skipt út fyrir nýja ákvörðun nr. 768/2008/EB sem aðilum að innri markaðnum bar að innleiða. Nýja regluverkið gengur mun lengra en hið fyrra og segir m.a. til um kýrskýra lagaskyldu, þ.m.t. skaðabótaskyldu, innflytjenda og dreifingaraðila vegna skaðlegra vara sem í fyrra regluverki náði eingöngu til framleiðenda. Þetta er sérstaklega mikilvægt til að tryggja að vörur frá þriðju löndum, séu í samræmi við allar gildandi kröfur. Innflytjendum og dreifendum ber þannig skylda til að ganga úr skugga um að samræmismat hafi verið framkvæmt með viðeigandi aðferð og að merkingar á vörum og gögn séu aðgengileg eftirlitsyfirvöldum. Í ákvörðuninni er einnig að finna uppfærðar, skýrari og samræmdar lýsingar á ferlum framleiðenda við samræmismat, þ.e. þegar framleiðandi metur með formlegum hætti hvort kröfur samhæfðra staðla séu uppfylltar og gefur út samræmisyfirlýsingu sína. Ramminn gefur þannig framleiðendum skýrar leiðbeiningar um hvernig þeir tryggja öryggi vöru og þar með heilsu- og neytendavernd almennings. Réttarstaða almennings er einnig bætt verulega þar sem ábyrgð á tjóni sem skaðlegar vöru kunna að valda liggur nú ekki bara hjá framleiðanda heldur nær hún einnig til innflytjenda og dreifingaraðila. *Þessi bætta réttarstaða á hins vegar ekki enn við um íslenska neytendur því ákvörðunin hefur aldrei verið innleidd hér á landi.*

Eingöngu viðbótin við rammann, reglugerð (EB) 765/2008 var innleidd með reglugerð um markaðseftirlit, faggildingu o.fl. nr. 566/2013 en ramminn með heildarhugmyndafræðinni var skilinn eftir. Nú 13 árum eftir að ákvörðun um innleiðingu var tekin í sameiginlegu EES nefndinni fær almenningur hérlendis ekki enn notið þeirrar öflugu verndar á heilbrigði og öryggi, neytendaverndar og umhverfisverndar m.a. vegna þess að innflytjendur og dreifendur skaðlegra vara sæta ekki sömu ábyrgð og framleiðendur. *Leiða má líkur að því að umgjörð þeirrar verndar sem almenningur á að njóta vegna skaðlegra og hættulegra vara sé í besta falli meingölluð. Í versta falli er ástandið miklu verra – því verulegur hluti markaðsaðila, sem ætti að sæta keðjuábyrgð, er nú laus allra mála og ekki er enn hægt að draga þá til ábyrgðar þegar almenningur verður fyrir skaða eða tjóni. Með öðrum orðum. Við búum við falskt öryggi.*



Mynd: Golli

# Misskilningur um fjármagnstekjuskatt




**Gylfi Magnússon**
prófessor við viðskiptafræðideild HÍ


Í almannaumræðu gætir oft töluverðs misskilnings um eðli fjármagnstekjuskatts. Þannig er því t.d. oft haldið fram að ósanngjarnt sé að skatthlutfallið á fjármagnstekjur sé lægra en á launatekjur. Við fyrstu sýn virðist það rétt, skattur á fjármagnstekjur er 22% en á aðrar tekjur er hann (með útsvari) á bilinu 31,49% til 46,29%.

Þegar nánar er að gáð er þessi samanburður þó villandi því að ekki er verið að bera saman sambærileg hlutföll. Almennur tekjuskattur leggst á þann kaupmátt sem annað en fjármagnstekjur, oftast launatekjur, skila fólki á hverjum tíma. Fjármagnstekjuskattur er hins vegar ekki reiknaður út frá þeim kaupmætti sem ávöxtun fjármagns skilar eigendum heldur nafnávöxtun fjármagnsins. Væri fjármagnstekjuskattur lagður á raunávöxtun væri auðveldara að bera hann saman við almennan tekjuskatt en af því að hann er lagður á nafnávöxtun verður samanburðurinn merkingarlítill. Fleiri flækjur eru á samanburðinum, m.a. mismunandi frítekjumörk og það að fjármagnstekjuskattur er bara innheimtur þegar búið er að fá tekjurnar greiddar út en ekki af uppsafnaðri ávöxtun en horfum framhjá því hér til einföldunar.

## Raunverulegt skatthlutfall

Hve miklu munar á skatthlutfalli fjármagnstekjuskatts að nafninu til og í raun fer eftir samspili raunávöxtunar og verðbólgu. Sé raunávöxtun lág en verðbólga talsverð verður fjármagnstekjuskattshlutfallið í raun miklu hærra en það er að nafninu til.

Ef við skoðum fjármagnstekjuskatt af einstökum fjárfestingum sjáum við t.d. að þær sem bera lægsta nafnvexti, t.d. óbundnar innstæður í bönkum, eru almennt með neikvæða raunávöxtun, þ.e. vextirnir eru lægri en sem nemur verðbólgu. Innstæðurnar rýrna því við geymslu og skila engri aukningu kaupmáttar – en vextirnir eru samt skattlagðir.

Samkvæmt mati Seðlabankans voru þannig nafnvextir á innlánsreikningum á bilinu 0,05% til 2,36% að meðaltali á ári áratuginn 2015 til 2024. Verðbólgan var alltaf hærri. Hefði einhver geymt 100 krónur á bankabók þennan tíma hefðu kaupmáttur þeirra í lok áratugarins samsvarað því sem hægt var að kaupa fyrir 71 krónu í upphafi hans áður en tekið er tillit til skatta. Skatturinn hefði ekki vegið þungt enda nafnávöxtunin lág en að teknu tilliti til skattsins hefði kaupmátturinn samsvarað 70 krónum í upphafi. M.ö.o. kaupmáttur 100 króna minnkaði um 29 krónur og tapið var skattlagt um eina krónu til viðbótar til að snúa hnífnum í sárinu.

Sem betur fer eru til betri sparnaðarleiðir en innlánsreikningar og þær skila að jafnaði hærri ávöxtun en þeir. Ef við gerum ráð fyrir að fjárfesti utan lífeyriskerfisins hafi einhvern veginn tekist að ná sömu ávöxtun á sitt fé þennan áratug og náðist í skylduhluta lífeyriskerfisins (samtryggingu) eða 3,34% raunávöxtun (7,73% nafnávöxtun) fyrir skatt þá verða tölurnar fyrir raunverulegt hlutfall fjármagnstekjuskatts talsvert skárri. Skatturinn hefði engu að síður lagst á nafnávöxtunina en ekki raunávöxtunina. Nafnávöxtun eftir skatt hefði lækkað í 6,42% og raunávöxtun eftir skatt í 2,08%. Raunverulegt skatthlutfall hefði því verið 37,72% sem er nánast alveg sama hlutfall og í skattþrepi 2 í almenna tekjuskattskerfinu (37,99%).

> **Með því að taka mikla áhættu má stundum ná mikilli ávöxtun en það liggur í hlutarins eðli að slíkt getur stundum gengið illa ...**

## Vandi viðbótar sparnaðar

Það er auðvitað allur gangur á því hvaða ávöxtun einkaaðilar ná á sínar

> **Það er sjálfstætt rannsóknarefni hvers vegna ávöxtun viðbótarlífeyrissparnaðarins hefur verið þetta miklu lægri en á skyldusparnaðinn …**

eignir en fyrir flesta er erfitt að keppa við lífeyrissjóðina sem njóta verulegrar stærðarhagkvæmni í sínum fjárfestingum. Með því að taka mikla áhættu má stundum ná mikilli ávöxtun en það liggur í hlutarins eðli að slíkt getur stundum gengið illa – og tap á sumum fjárfestingum er almennt ekki hægt að draga frá hagnaði á öðrum í fjármagnstekjuskattskerfinu.Þess má geta að af einhverjum ástæðum hefur ávöxtun viðbótarlífeyrissparnaðar að jafnaði verið töluvert lakari en skyldusparnaðarins, raunávöxtun eingöngu 2,01% 2015 til 2024. Einungis eitt ár af þessum áratug sem hér er til skoðunar, þ.e. 2022, var hún hærri í viðbótarlífeyrissparnaðarkerfinu. Ef við miðum við frjálsan sparnað með þá ávöxtun sem náðist að meðaltali á viðbótarlífeyrissparnað hefði virkt skatthlutfall fjármagnstekjuskatts eftir þennan áratug orðið 53,80% og því hærra en í hæsta þrepi í almenna tekjuskattskerfinu.

Það er sjálfstætt rannsóknarefni hvers vegna ávöxtun viðbótarlífeyrissparnaðarins hefur verið þetta miklu lægri en á skyldusparnaðinn en fjárfestingarheimildir þeim megin eru almennt mun rýmri. Rétt að hafa í huga að þetta eru meðaltöl og eiga því ekki almennt við um einstaka lífeyrissjóði eða ávöxtunarleiðir.

### Meiri misskilningur

Látum þetta nægja um skatthlutföll á raunvexti og nafnvexti en skoðum stuttlega annan misskilning um fjármagnstekjuskatt annars vegar og tekjuskatt hins vegar. Því er þannig oft haldið fram að ósanngjarnt eða óeðlilegt sé að greiðslur úr lífeyrissjóðum séu skattskyldar sem almennar tekjur þegar uppruni þeirra er ekki bara iðgjöld heldur einnig ávöxtun sjóðanna, þ.e. fjármagnstekjur.

Það er reyndar ansi snúið að áætla hve mikið af greiðslum sem tiltekinn einstaklingur fær úr lífeyrissjóði kemur frá iðgjöldum og hve mikið má rekja til fjármagnstekna. Það er hægt að reikna tiltölulega auðveldlega fyrir viðbótarlífeyrissparnaðarkerfið en vegna samtryggingar yrðu útreikningarnir erfiðir fyrir skyldusparnaðarhlutann.

Skiptingin þar á milli er þó ekki aðalmálið því að þegar áhrifin af núverandi skattumhverfi lífeyriskerfisins eru skoðuð blasir við að helsti ávinningurinn fyrir lífeyrisþega liggur einmitt í því að ávöxtun sjóðanna er undanþegin fjármagnstekjuskatti og þeirri skattfrestun sem felst í því að iðgjöld eru frádráttarbær en lífeyrir skattlagður.

### Dæmisaga

Þetta er best skýrt með dæmi. Gerum ráð fyrir 100 krónur hafi verið greiddar í iðgjald í lífeyrissjóð í upphafi þess áratugar sem við höfum horft til hér og að sjóðurinn greiði svo þá upphæð, með uppsafnaðri ávöxtun, út sem lífeyri í lok áratugarins. Þá greiðir lífeyrissjóðurinn út 210 krónur, sem samsvara 139 krónum á verðlagi í upphafi tímabilsins. Sú upphæð er skattskyld fyrir viðtakendur. Ef við gerum t.d. ráð fyrir 40% skatthlutfalli heldur viðtakandinn eftir 126 krónum, sem samsvara 83 krónum á verðlagi í upphafi tímabilsins.

Verða þá 100 krónur að 83 í þessu dæmi? Nei, hér þarf að taka tillit til þess að ríkið og sveitarfélög, vegna útsvars áttu (eða lánuðu) í raun 40 krónur af þessum 100 þannig að í reynd eru það 60 krónur sem verða að 83.

Ef ekki hefði verið fyrir skattfrestunina hefði þurft að greiða almennan tekjuskatt af iðgjaldinu í upphafi. Í stað þess að lífeyrissjóðurinn hefði fengið 100 krónur til ávöxtunar hefði hann fengið um það bil 60 krónur (skatthlutföll voru aðeins önnur 2015 en nú en miðum við 40% bæði í upphafi og lok tímabilsins til einföldunar). Með ávöxtun hefðu 60 krónur í ársbyrjun 2015 orðið að rúmum 126 krónum í lok þess. Ef greiða ætti fjármagnstekjuskatt af þeirri ávöxtun yrði hann tæpar 15 krónur og því væri hægt að greiða út u.þ.b. 112 krónur á verðlagi í árslok 2024. Á verðlagi í ársbyrjun 2015 væru það 74 krónur.

### Hagnaður skattfrestunar

Með öðrum orðum er ávinningurinn af skattfrestuninni og undanþágu frá fjármagnstekjuskatti sá að í stað þess að 60 krónu iðgjald (eftir skatt) verði að einungis 74 krónum á sama verðlagi verður það að 83 krónum. Það er því töluverður ávinningur af því fyrir lífeyrisþega að sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti.

Raunar felst líka annar ávinningur í skattfrestuninni. Vegna hennar er líklegt að skattfrelsismörk nýtist betur og að tekjur dreifist jafnar yfir ævina sem ætti að vera hagstætt vegna stighækkandi tekjuskatts.

Þar með er þó auðvitað ekki öll sagan sögð. Við erum að horfa framhjá tekjutengingu almannatryggingakerfisins. Þótt hún teljist ekki skattlagning hefur hún í grundvallaratriðum sambærileg áhrif og tekjuskattur. Fyrir þá hópa sem lenda í skerðingu greiðslna úr almannatryggingakerfinu vegna lífeyristekna kemur dæmið allt öðru vísi út en lýst var að ofan því að ígildi tekjuskattshlutfalls, þ.e. samanlögð áhrif tekjuskatts, útsvars og skerðingar á ráðstöfunartekjur, verða mun hærri en hér var miðað við. Það á þó ekki við þá tekjulægstu, sem fá óskertar bætur úr almannatryggingum, og þá tekjuhæstu, sem fá ekkert frá almannatryggingum.

■ AÐRIR SÁLMAR

## Árásir á Evrópu

Vikan hefur markast af merkilegum ræðum á 80 ára afmæli og Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Þó eru alvarlegri atburðir í Evrópu sem verður að taka mið af.

Efnahagur Rússlands er farinn að snúast um hernaðarhagkerfi að langmestum hluta og nítjándi pakki viðskiptaþvingana Evrópusambandsins gagnvart þeim er aðeins eitt skref af mörgum. Ungverjaland og Slóvakía munu líklega draga úr kaupum á rússneskri olíu og nýting ávöxtunar frystra rússneskra fjármuna í Belgíu til fjárhagslegs stuðnings Úkraínu mun loks ná fram að ganga ef marka má skrif kanslara Þýskalands í Financial Times í dag.

Rof á lofthelgi og ólögleg flygildi við flughafnir verður að flokka sem árásir á Evrópulönd með beitingu fjölþáttaógna. Rússnesk loftför sem flugu ólöglega yfir Pólland þann 9. september sl. og Rúmeníu þann 13. settu af stað þrýstinginn á viðbrögð Nató. Fyrir viku síðan var rússneskum herþotum vísað úr lofthelgi Eistlands og nú í vikunni hófust truflanir á dönskum flugvöllum fyrst í Kaupmannahöfn en síðar á fjórum flugvöllum á Jótlandi og í gær á flugvellinum fyrir utan Legoland í Billund auk þess sem þeirra varð einnig vart í Osló og Stokkhólmi.

Drónaveggur til varnar Evrópu verður eitt líklegt viðbragð miðað við umræðuna í Brussel þessa vikuna og evrópskir diplómatar segja rússneskum að Nató sé tilbúið að skjóta niður herþotur. Varnarmálaráðherra Þýskalands segir að þó við séum ekki í stríði þá sé ekki friður.

Vert er og að hlusta á viðbrögð fyrrum forsætisráðherra Eistlands, Kaju Kallas, sem nú er utanríkismálastjóri Evrópusambandsins, í New York í vikunni svo sem í markverðu samtali við Foreign Policy.

Misskilning er víða að finna, svo sem kemur fram í seinni grein blaðs vikunnar varðandi fjármagnstekjuskatt. Þá vaknar spurningin hvort að framlag stjórnarandstöðunnar á tímum sem þessum muni vera málþóf um málefni eins og bókun 35 eða CE merkingar. En áhugaverða lesningu um þær er að finna í forsíðugreinar vikunnar.

**Ritstjóri:** Ásgeir Brynjar Torfason
**Ábyrgðarmaður:** Jón Trausti Reynisson
**Útgefandi:** Sameinaða útgáfufélagið ehf.
Aðalstræti 2, 101 Reykjavík, sími 415 2000
visbending.is • visbending@visbending.is
*Öll réttindi áskilin. © Ritið má ekki afrita án leyfis.*